

Þrítugasti og sjötti i fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 14. febrúar 2018 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð. Marianna Hugrún Helgadóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Atli Guðlaugsson f.h. Listaskóla Mosfellsbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir tónlistaskóla að Háholti 14 í Mosfellsbæ.
Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði.
- b. Ásdís Sigurþórsdóttir sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Myndlistarskóla Mosfellsbæjar að Álafossvegi 23 í Mosfellsbæ.
Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði.
- c. Gunnar Jónsson f.h. Reykjalundar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri mótuneytis að Reykjalundi í Mosfellsbæ.
Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli.
- d. Ásdís Kristjánsdóttir f.h. Reykjalundar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri sundlaugar að Reykjalundi í Mosfellsbæ.
Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrðum fyrir sund- og baðstaði.
- e. Helgi Kristjánsson f.h. Reykjalundar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri endurhæfingarmiðstöðvar að Reykjalundi í Mosfellsbæ.
Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir.
- f. Baldur Jónasson sækir fh. Deilis tækniþjónustu ehf um starfsleyfi fyrir málmsmíðaverkstæði að Völuteigi 29a.
Samþykkt til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 582/2000
- g. Work north ehf. sækir um tímabundið starfsleyfi vegna niðurrifs á Skólabraut 1 á Seltjarnarnesi.
Tímabundið starfsleyfi var afgreitt af heilbrigðiseftirlitinu þann 17. janúar 2018 með gildistíma til 20. febrúar 2018 með starfsleyfisskilyrðum vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.
Staðfest.
- h. Work north ehf. sækir um tímabundið starfsleyfi vegna niðurrifs á Melabraut 12 1 á Seltjarnarnesi.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Tímabundið starfsleyfi var afgreitt af heilbrigðiseftirlitinu þann 14. febrúar 2018 með gildistíma til 31. mars 2018 með starfsleyfisskilyrðum vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.

Staðfest.

- i. Munck á Íslandi sækja um tímabundið starfsleyfi vegna niðurrifs og förgunar á fimleikahúsi Gróttu Suðurströnd 2-8 á Seltjarnarnesi.

Tímabundið starfsleyfi var afgreitt af heilbrigðiseftirlitinu þann 8. febrúar 2018 með gildistíma til 31. maí 2018 með starfsleyfisskilyrðum vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.

Staðfest.

- j. Gísli Hermannson f.h. Seltjarnarnesbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir fráveitu Seltjarnarness.

Samþykkt til 12 ára með vísan til gildandi reglugerðar um fráveitur og skólþ.

2. Umsagnir um erindi.

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 30. janúar 2018 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið tækifærisleyfi í tilefni af superbowl í Hvíta Riddaranum Mosfellsbæ þann 4.-5. febrúar 2018. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 30. janúar 2018.

Staðfest.

- b. Seltjarnarnesbær óskar með tölvupósti dagsettur 3. janúar 2018 eftir umsögn um álagt sorphirðugjald og fráveitugjald vegna ársins 2018 sem samþykkt var á 860. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarness.

Í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram í 59. grein að sveitarfélögum sé heimilt að setja gjaldskrá um innheimtu gjalda skv. 1. mgr.greinarinnar. Engin gjaldskrártexti liggur fyrir nefndinni aðeins ákvörðun á 860. fundi bæjarstjórnar um gjöld. Heilbrigðisnefnd getur því ekki á þessu stigi veitt umbeðna umsögn. Gjaldskrár sem settar eru með stoð í ofangreindum lögum þarf að birta í B-deild stjórnartíðinda.

- c. Mosfellsbær óskar eftir umsögn um lýsingu, verkáætlunar skipulagsáætlunar fyrir væntanlega breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 vegna breytingar á landbúnaðarsvæði við Hrisbrú í Mosfellsdal.

Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 17. janúar 2018 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint mál.

Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 9. febrúar 2018.

Staðfest

- d. Mosfellsbær óskar eftir umsögn um deiliskipulagslýsingu á deiliskipulagi Helgafellshverfis, Helgafellstorfu.

Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 23. janúar 2018 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint mál.

Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 9. febrúar 2018.

Staðfest

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

3. Starfsleyfi fyrir Lyklafellslínu 1

Lagt fram bréf Landsnets til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dagsett 21. janúar 2018 þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi fyrir ofangreinda framkvæmd.

Lagt fram starfsleyfi Landsnets hf. fyrir byggingu Lyklafellslínu 1 með gildistíma til 31. október 2017. Fram kemur að samkomulag sé milli heilbrigðisnefnda á höfuðborgarsvæðinu um útgáfu þessa starfsleyfis samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Málinu var frestað

4. Frávik í gæðum neysluvatns í Seltjarnarnesi í janúar.

Málið var kynnt.

5. Málefni Fylkis ehf. vegna fráveitu að Tjaldanesi

Lagt fram bréf Fylkis ehf. dagsett. 10. janúar 2018 og 12. febrúar 2018.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 24. janúar 2018.

Heilbrigðisnefnd fellst ekki á niðurfellingu dagsekta þar sem kröfum heilbrigðiseftirlits hefur ekki verið mætt.

6. Önnur mál

- a. Kynnt að árleg heildarvatnssýnataka í Laxnesdýjum gaf ekki tilefni til athugasemda.
- b. Lagt fram afrit af bréfi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis til Strætó dagsett 22. janúar 2018 þar sem kynnt er að ráðuneytið veiti undanþágu með sérstökum skilyrðum þar sem fólk getur farið með gæludýr í strætó og að þetta tilraunaverkefni megi standa í að hámarki eitt ár.
- c. Lög fram 119. fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins sem haldinn var þann 26. janúar 2018.
- d. Lögð fram ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2017.

Fundi var slitið kl. 19:00